

Yfirskrift	Fundargerð stjórnar FFR				
Stjórnarfundur nr. 3 2016	3	Dagsetning	25. apríl 2016	Tími	11:30 – 13:00
Fundarstaður	Tryggingastofnun ríkisins				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	ISS				
Mættir (fjarverandi)	BK, KLÁ, ISS, SLB (BE, GSB, HÓS, MH).				
Fylgiskjöl					
Vistun gagna	ISS				

## Fundargerð

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var ekki lögð fram, en send í tölvupósti á stjórn.

### 2. Styrkur úr Starfsmenntunarsjóði embættismanna - starfsmaður

Rætt var um ýmis verkefni vegna styrks til FFR úr Starfsmenntunarsjóði embættismanna. Einnig var rætt um að félagið ráði starfsmann í hlutastarfi fyrir styrkféð til að sinna þeim verkefnum og ýmsu öðru sem halda þarf utan um. Erla Bjarnadóttir sem hefur séð um félagaskrá og útsendingar á vegum félagsins lætur af störfum í haust fyrir aldurs sakir. Því væri tilvalið að nýr starfsmaður tæki einnig að sér hennar verkefni. Rætt var um vinnutilhögun og að fá til verksins forstöðumann sem látið hefur af störfum, en viðkomandi þarf að þekkja vel vinnuumhverfi forstöðumanna. Nokkur nöfn voru nefnd og BK skoðar málið. IS gerir drög að starfslýsingu. Einnig var ákveðið að leggja þetta til á næsta félagsfundi.

### 3. Styrkur úr Starfsmenntunarsjóði embættismanna- tillögur að næstu skrefum

Kjara- og mannauðssýsla ríkisins hefur tekið saman tillögur vegna næstu skrefa um þróun hæfni- viðmiða fyrir forstöðumenn og sett saman hugmyndir að verkþáttum. Styrkurinn var veittur til að:

1. Skoða hvernig hæfnilíkon eru byggð upp hjá öðrum þjóðum.
2. Skilgreina hvaða grunnfærni stjórnendur í ríkisrekstri þurfa að hafa/greina hæfnisþætti.
3. Byggja upp starfs- og frammistöðumat fyrir forstöðumenn ríkisstofnana sem getur nýst til að meta árangur og ákvarða laun á faglegan hátt

Tillögurnar voru ræddar, en margt áhugavert kemur fram þar, en væntanlega standast tímasetningar ekki. BK fer á fund hjá Kjara- og mannauðssýslunni síðar í dag.

### 4. Undirbúningur fyrir félagsfund

Næsti morgunverðarfundur verður haldinn 28. apríl n.k. og í beinu framhaldi verður almennur félagsfundur. Rætt var um dagskrá fundarins, en ræða þarf:

1. Verkefnið um starfsumhverfi forstöðumanna
2. Ráðningu starfsmanns
3. Breytingar á vef félagsins – ffr.is
4. Lagabreytingar - stjórn

## 5. Undirbúningur fyrir aðalfund

Stefnt er að því að halda aðalfund 31. maí n.k. og búið að panta sal á Grand Hótel. Í skoðun er að breyta 6. gr. laga félagsins, um skipan í stjórn. Í stað þess að skipa fimm manns í stjórn og þrjá til vara, verði átta skipaðir í stjórn, en undanfarin ár hefur venjan verið sú að allir fulltrúar hafa verið boðaðir á stjórnarnarfund. Einnig verður gerð tillaga um hækkun á árgjaldi. Rætt var um að fá fyrirlesara á aðalfundinn, til að fjalla um starfsumhverfi forstöðumanna og hvernig málum er háttað í öðrum löndum og var s.k. [CoCops](#) rannsókn (Coordinating for Cohesion in the Public Sector of the Future) nefnd í því sambandi. BK athugar málið og ræðir við Stofnun stjórnsýslufræða. Athuga þarf að tveim vikum fyrir aðalfund þarf að senda út fundarboð og tillögu um lagabreytingar og breytingu á árgjaldi.

## 6. Nýr vefur - ffr.is

Ársæll Guðmundsson sem hefur unnið að breytingum á vef félagsins hefur sent fyrstu drög að nýjum vef frá fyrirtækinu Hype. Vefurinn verður þannig að gott er að skoða hann í snjallsímum og spjaldtölvum. Hann byggir á eldri vef en fara þarf yfir veftréð og útlitið. Lagt var til að allir í stjórn leggist yfir vefinn og komi með tillögur.

## Verkefni sem leiða af fundinum

Verkefni	Úthlutað til Ábyrgð/þátttaka	Ljúka fyrir
Ráðning nýs starfsmanns	<b>BK ofl.</b>	Haust 2016
Drög að starfslýsingu	<b>IS</b>	Sem fyrst
Fundarboð og dagskrá fyrir félagsfund	<b>BK</b>	27. 04.2016
Fyrirlesari á aðalfund	<b>BK ofl.</b>	Sem fyrst
Fundarboð fyrir aðalfund + lagabreytingar	<b>BK og Erla</b>	15.05.2016
Tillögur fyrir veftré og útlit nýs vefjar ffr.is	<b>Allir</b>	15.05.2016